

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar

Rannveig Einarsdóttir

23.9.2015

Von og bjargir er líknarfélag sem hefur þann tilgang að styðja og standa fyrir hjálparstarfi innanlands. Félagið var stofnað í árslok 2014.

Í vor var opnað leiguhúsnæði í Arnarholti á Kjalarnesi. Húsnæðið getur í dag hýst um 40-50 manns í 38 herbergjum og litlum íbúðum. Húsnæðið bjóðum við með því hugarfari að það nýtist þeim einstaklingum og fjölskyldum sem eru í vanda. Von og bjargir hafa engan fjárhagslegan ávinning af starfseminni og því ekki rekið í hagnaðarskini. Í dag eru nú þegar íbúar í Arnarholti en þeir eru á vegum félagsins og eru samtals 10.

Heiðar Már Guðnason, áfengisráðgjafi býr á staðnum og er dagskrárstjóri. Hann heldur daglega morgunfundi og reglulega AA fundi fyrir þá sem þurfa.

Með erindi þessu viljum við benda á að hugsanlega getur líknarfélagið komið til móts við sveitarfélögin Hafnarfjörð og Kópavog og boðið íbúum þeirra, sem eiga í verulegum félags- og eða sálrænum erfiðleikum, sem gjarnan tengjast neyslu áfengis og annarra vímuefna, lengri eða skemmri dvöl í Arnarholti. Til þess að þetta megi ganga eftir þyrftu sveitarfélögin að greiða til félagsins fjárhæð sem nemur 1,5 stöðugildi til samans á ári, þ.e. 0,75 stöðugildi hvort um sig.. Þetta framlag nægir til að greiða nauðsynleg laun sem falla til vegna launa starsmanna, m.a. áfengisfulltrúa. Greiðslan er miðuð við að líknarfélagið geti ávallt boðið hvoru sveitarfélagi að 6 einstaklingar fái þar dvöl hverju sinni. Leigukostnaður einstaklinga fyrir herbergi, aðgang að eldhúsi, salernisaðstöðu, sameign og ýmsu félagsstarfi er kr. 55 þúsund á mánuði. Velji fleiri sveitarfélög á höfðuborgarsvæðinu að nýta sér aðstöðu líknarfélagsins minnkar árleg greiðsla sem því nemur, þó að því marki að 1,5 stöðugildi ráði við þjónustuna. Framlag Hafnarfjarðar og Kópavogs mun því ekki hækka, heldur fremur lækka.

Fyrir hönd Vona og bjarga, líknarfélags



Vilhjálmur Svan



Ófeigur Guðmundsson

Félagsmálaráð Kópavogs

Gunnsteinn Sigurðsson formaður

23.9.2015


Von og bjargir er líknarfélag sem hefur þann tilgang að styðja og standa fyrir hjálparstarfi innanlands. Félagið var stofnað í árslok 2014.

Í vor var opnað leiguhúsnæði í Arnarholti á Kjalarnesi. Húsnæðið getur í dag hýst um 40-50 manns í 38 herbergjum og litlum íbúðum. Húsnæðið bjóðum við með því hugarfari að það nýtist þeim einstaklingum og fjölskyldum sem eru í vanda. Von og bjargir hafa engan fjárhagslegan ávinning af starfseminni og því ekki rekið í hagnaðarskini. Í dag eru nú þegar íbúar í Arnarholti en þeir eru á vegum félagsins og eru samtals 10.

Heiðar Már Guðnason, áfengisráðgjafi býr á staðnum og er dagskrárstjóri. Hann heldur daglega morgunfundi og reglulega AA fundi fyrir þá sem þurfa.

Með erindi þessu viljum við benda á að hugsanlega getur líknarfélagið komið til móts við sveitarfélögin Hafnarfjörð og Kópavog og boðið íbúum þeirra, sem eiga í verulegum félags- og eða sálrænum erfiðleikum, sem gjarnan tengjast neyslu áfengis og annarra vímuefna, lengri eða skemmri dvöl í Arnarholti. Til þess að þetta megi ganga eftir þyrftu sveitarfélögin að greiða til félagsins fjárhæð sem nemur 1,5 stöðugildi til samans á ári, þ.e. 0,75 stöðugildi hvort um sig. Þetta framlag nægir til að greiða nauðsynleg laun sem falla til vegna launa starsmanna, m.a. áfengisfulltrúa. Greiðslan er miðuð við að líknarfélagið geti ávallt boðið hvoru sveitarfélagi að 6 einstaklingar fái þar dvöl hverju sinni. Leigukostnaður einstaklinga fyrir herbergi, aðgang að eldhúsi, salernisaðstöðu, sameign og ýmsu félagsstarfi er kr. 55 þúsund á mánuði. Velji fleiri sveitarfélög á höfðuborgarsvæðinu að nýta sér aðstöðu líknarfélagsins minnkar árleg greiðsla sem því nemur, þó að því marki að 1,5 stöðugildi ráði við þjónustuna. Framlag Hafnarfjarðar og Kópavogs mun því ekki hækka, heldur fremur lækka.

Fyrir hönd Vona og bjarga, líknarfélags


Vilhjálmur Svan


Óféigur Guðmundsson